



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 2. nóvember 2021

2101066SA KB/gb/em

Málalýkill: 00.64

Efni: Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis

Á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 29. október sl. var fjallað um þau verkefni sem eru framundan við innleiðingu hringrásarkerfis.

Stjórnin bókaði hvatningu til sveitarstjórna um allt land til að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinga um hringrásarhagkerfi sem taka gildi 1. janúar 2023. Aukið samstarf sveitarfélaga og meiri samræming í söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs eru án efa lykilþættir til að ná sem mestri hagkvæmni í þeim breytingum sem framundan eru í úrgangsmálum. Stjórnin væntir þess að sambandið geti orðið leiðandi í þeirri þróun, í góðu samstarfi við önnur stjórnvöld sem að málinu koma.

Ljóst er að öll sveitarfélög munu þurfa að endurskoða þau stjórnþæki sem þau hafa á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs, þ.e.

1. Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs
2. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs
3. Gjaldskrár fyrir úrgangsmeðhöndlun

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur gert samning við VSÓ Ráðgjöf um gerð handbókar um úrgangsstjórnun sveitarfélaga, sem verður tilbúin á fyrsta ársfjórðungi næsta árs en verður að líkindum kynnt í nokkrum áföngum á meðan drögin eru í vinnslu. Áhersla verður lögð á að hraða verkþáttum sem snúa að undirbúningi sveitarfélaga, m.a. um gerð svæðisáætlana. Einnig hefur sambandið óskað eftir samstarfi við Umhverfisstofnun varðandi það að halda fundi með sveitarfélögum um endurskoðun svæðisáætlana. Vakin er athygli á því að samkvæmt nýju lögunum koma svæðisáætlanir sveitarfélaga í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs og skulu þær byggja á stefnu um meðhöndlun úrgangs sem kom út í júní, „Í átt að hringrásarhagkerfi“.

Loks hefur sambandið gert samning við EFLU verkfræðistofu um leiðir til að innleiða svonefnda „Borgaðu þegar þú hendir“ (e. Pay as you throw) aðferðafræði við gjalddöku í málaflokknum. Niðurstaða þess verkefnis mun liggja fyrir í byrjun næsta árs og verður þá kynnt sveitarfélögum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri